

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 25/2009

frá 17. mars 2009

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/62/EB frá 20. júní 2008 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði, sem eru náttúrulega löguð að stað- og svæðisbundnum skilyrðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og um setningu fræs og útsæðiskartaflna af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/83/EB frá 13. ágúst 2008 um breytingu á tilskipun 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/462/EB frá 16. júní 2008 um að leysa Búlgaríu, Slóvakíu og Breska konungsríkið undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar *Galega orientalis* Lam. ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta:
„– **32008 L 0083**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/83/EB frá 13. ágúst 2008 (Stjtið. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 55).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 55.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 160, 19.6.2008, bls. 33.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 51. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/853/EB) í 2. hluta:
- „52. **32008 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/62/EB frá 20. júní 2008 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði, sem eru náttúrulega löguð að stað- og svæðisbundnum skilyrðum og eru í hættu vegna erfðataæringar, og um setningu fræs og útsæðiskartaflna af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað (Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 13).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 77. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/321/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“:
- „78. **32008 D 0462**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/462/EB frá 16. júní 2008 um að leysa Búlgaríu, Slóvakíu og Breska konungsríkið undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar *Galega orientalis* Lam. (Stjtið. ESB L 160, 19.6.2008, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2008/62/EB og 2008/83/EB og ákvörðunar 2008/462/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.